



Framtíðarfyrirkomulag verkefna Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra eftir 1. janúar 2027

Minnisblað og tillaga til
umræðu á haustþingi SSNE 2026

Inngangur

Alþingi samþykkti í júní 2026 umfangsmiklar breytingar á skipulagi opinbers eftirlits á sviði matvæla, hollustuhátta og mengunarvarna. Breytingarnar fela í sér að núverandi fyrirkomulag heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga leggst af frá og með 1. janúar 2027. Matvælaeftirlit færir til Stofnunar atvinnuveganna (STAV) og eftirlit með hollustuháttum og mengunarvörnum færir að meginstefnu til Umhverfis- og orkustofnunar (UOS). Þrátt fyrir að eftirlitsvald færir að stórum hluta til ríkisins verða sveitarfélög áfram með verkefni, ábyrgð og þörf fyrir sérfræðipækkingu á sviði umhverfis- og heilbrigðismála.

Breytingarnar kalla annars vegar á að Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra undirbúi þau rekstrarlegu og stjórnsýslulegu skil sem leiða af því að núverandi eftirlitsfyrirkomulag leggst af. Hins vegar þurfa sveitarfélögin á Norðurlandi eystra að taka sameiginlega afstöðu til þess hvernig þau tryggja áfram aðgang að þeirri sérfræðipækkingu og þjónustu sem nauðsynleg er vegna verkefna sem verða áfram á þeirra ábyrgð.

Þetta minnisblað fjallar um síðara viðfangsefnið. Markmið þess er að kynna stöðu mála fyrir sveitarstjórnarfólki, draga fram helstu verkefni sem verða áfram á ábyrgð sveitarfélaga og leggja grunn að umræðu um sameiginlega vinnu sveitarfélaganna við að móta framtíðarfyrirkomulag þeirra.

Breytingar á ábyrgðarsviði sveitarfélaga

Samkvæmt nýjum lögum falla heilbrigðisnefndir sveitarfélaga brott sem sérstök stjórnvöld á sviði matvælaeftirlits, hollustuhátta og mengunarvarna. Umhverfis- og orkustofnun verður útgefandi starfsleyfa samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og fer með eftirlit samkvæmt þeim lögum. Stofnun atvinnuveganna verður jafnframt ábyrg fyrir matvælaeftirliti sem áður var að hluta á hendi heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga. Breytingarnar fela því í sér verulega tilfærslu eftirlits- og leyfisverkefna frá sveitarstjórnarstigi til ríkisins.

Þrátt fyrir þessa tilfærslu hverfa ekki öll verkefni af sveitarfélögunum. Þau munu áfram bera ábyrgð á fjölda staðbundinna verkefna sem tengjast nærumhverfi, samþykktum, innviðum, skipulagi og framkvæmd sveitarfélaga. Þar má meðal annars nefna:

- framkvæmd og eftirfylgni staðbundinna samþykktu sveitarfélaga,
- umhirða lóða og annarra nærumhverfismála,
- fráveitumál og staðbundnir innviðir,

- úrgangs- og sorpmál,
- vatnsvernd og tiltekin verkefni tengd vatnamálum,
- þátttaka í skipulagsmálum, umsögnum og umhverfismati,
- staðbundin umhverfis- og lýðheilsutengd verkefni,
- eftirfylgni reglna og samþykktu þar sem sveitarfélög fara áfram með framkvæmd og eftirlit.

Upplýsingar um nánari útfærslu þessa hluta breytinganna hafa verið takmarkaðar og sveitarfélögin hafa haft takmarkaða aðkomu að undirbúningi verkaskiptingarinnar. Af þeim sökum liggur ekki fyrir skýr heildarmynd af því hvaða verkefni verða áfram á sveitarstjórnarstigi, hvert raunverulegt umfang þeirra verður eða hvaða sérfræðipækkingu þau kalla á. Á meðan sú greining liggur ekki fyrir kann að vera skynsamlegt að stíga varfærin skref og forðast að festa framtíðarfyrirkomulagið of snemma í sessi.

Mikilvægt er að greina þessi verkefni sérstaklega frá þeim eftirlits- og leyfisverkefnum sem flytjast til ríkisins. Í framkvæmd geta mörk verkefna þó verið óskýr, til dæmis þegar mál varða samtímis umhirðu lóða, úrgang, mengunarhættu, fráveitur eða starfsleyfissskylda starfsemi. Í slíkum tilvikum þarf að liggja skýrt fyrir hvaða stjórnvald hafi frumkvæði að máli, hver rannsaki það, hver taki stjórnvaldsákvörðun og hver fylgi henni eftir.

Við mótnun framtíðarfyrirkomulags þarf jafnframt að hafa í huga að verkefnin eru ólík að eðli, umfangi og lagalegu inntaki. Sum þeirra kunna að vera best leyst innan hvers sveitarfélags, önnur kalla á sameiginlega sérfræðipækkingu eða samræmingu á vettvangi sveitarfélaganna og enn önnur geta hentað til sérfræðikaupa eða formlegs samstarfs við ríkisstofnanir. Slík blönduð verkefnaskipting getur veitt sveigjanleika, en hún krefst skýrrar afmörkunar á ábyrgð, umboði, kostnaði og stjórnvaldsheimildum. Sérstaklega þarf að liggja fyrir hvaða aðili tekur ákvarðanir, hver ber endanlega ábyrgð, hver hefur heimild til að beita stjórnvaldsúrræðum og hvernig málum verði vísað á milli sveitarfélaga og ríkisstofnana þegar ábyrgð skarast.

Heimildir til samstarfs sveitarfélaga

Lagabreytingarnar gera sérstaklega ráð fyrir að sveitarfélög geti haft með sér samstarf um framkvæmd þeirra verkefna sem áfram verða á þeirra ábyrgð. Í því felst mikilvægt svigrúm fyrir sveitarfélögin til að móta sameiginlega lausn, án þess að hvert sveitarfélag þurfi eitt og sér að byggja upp alla þá sérfræðipækkingu sem verkefnin kunna að kalla á.

Slík heimild er sérstaklega mikilvæg fyrir Norðurland eystra, þar sem sveitarfélögin eru mörg, ólík að stærð og getu og starfssvæðið víðfeðmt. Sameiginleg eða samræmd úrlausn gæti stuðlað að jafnræði í þjónustu, varðveislu staðbundinnar þekkingar og hagkvæmari nýtingu sérfræðipækkingar á svæðinu.

Ef sveitarfélögin ákveða að nýta samstarfsheimildir þarf þó að skilgreina skýrt ábyrgð, umboð og verkaskiptingu. Sérstaklega þarf að liggja fyrir hvaða aðili tekur ákvarðanir, hver fer með eftirfylgni og hvaða aðili ber stjórnsýslulega og fjárhagslega ábyrgð gagnvart íbúum, fyrirtækjum og eftirlitsaðilum.

Mögulegar leiðir

Eftirfarandi leiðir eru settar fram til að afmarka mögulega kosti við framtíðarfyrirkomulag verkefnanna. Þær eru ekki tæmandi og endanlegt mat þarf að byggjast á greiningu á umfangi verkefna, mannaflapörf, kostnaði, lagalegum forsendum og áhrifum á þjónustu við ólík sveitarfélög. Markmiðið með umfjölluninni er ekki að velja leið á þessu stigi, heldur að draga fram þá valkosti sem þarf að bera saman áður en ein tillaga verður lögð fram.

Leið A – Hvert sveitarfélag sinnir verkefnum sjálf

Í þessari leið myndi hvert sveitarfélag sjá um þau verkefni sem eftir standa með eigin starfsfólki eða innan núverandi stjórnsýslu.

Kostir

- Sveitarfélagið hefur beina stjórn á framkvæmd verkefna.
- Stuttar boðleiðir innan stjórnsýslunnar.
- Engin þörf á nýju samstarfsformi.

Gallar

- Erfitt fyrir minni sveitarfélög að byggja upp nauðsynlega sérþekkingu.
- Hætta á miklum mun í þjónustu milli sveitarfélaga.
- Viðkvæm staða ef þekking byggist á einum starfsmanni.
- Aukinn kostnaður vegna tvíverknaðar.

Leið B – Eitt sveitarfélag veitir öðrum þjónustu

Í þessari leið myndi eitt sveitarfélag, t.d. Akureyrarbær, halda utan um sérfræðiþjónustu og gera þjónustusamninga við önnur sveitarfélög.

Kostir

- Nýtir stærðarhagkvæmni.
- Byggir á fyrirbyggjandi stjórnsýslu og innviðum.
- Fljótlegt í innleiðingu.

Gallar

- Getur valdið ójafnvægi milli sveitarfélaga.
- Hætta á að þjónustan taki mið af forgangs röðun eins sveitarfélags.
- Minni sameiginleg eignarhaldsvitund annarra sveitarfélaga.

Leið C – Þjónustu- eða sérfræðieining innan SSNE

Í þessari leið yrðu þau verkefni sem henta til sameiginlegrar úrlausnar vistuð sem þjónustu- eða sérfræðieining innan SSNE. Slík eining gæti veitt sveitarfélögunum ráðgjöf, samræmingu og faglegan stuðning vegna þeirra verkefna sem áfram verða á sveitarstjórnarstigi, án þess að fyrirfram sé gert ráð fyrir að hún taki yfir öll verkefni eða allt ákvörðunarvald sveitarfélaganna.

Við mat á þessari leið þarf sérstaklega að greina hvaða verkefni henti til úrlausnar innan SSNE, hvernig umboð og ábyrgð yrðu skilgreind, hvernig kostnaður skiptist milli sveitarfélaga og hvernig tryggt verði að SSNE verði vettvangur fyrir þjónustu og samræmingu án þess að óskýrt verði hvar stjórnvaldsákvæðanir eru teknar.

Kostir

- Nýtir fyrirbyggjandi sameiginlegan vettvang sveitarfélaganna á Norðurlandi eystra.
- Varðveitir staðbundna sérþekkingu sem byggst hefur upp innan HNE.

- Dregur úr áhættu vegna einmenningsstarfa og getur auðveldað samræmingu milli sveitarfélaga.
- Styrkir samræmda stjórnsýslu á svæðinu.
- Samræmist vel þeirri samstarfsheimild sem nú er sett í lög.

Gallar

- Þarfnast frekari undirbúnings.
- Skilgreina þarf stjórnskipulag og kostnaðarskiptingu.
- Krefst pólitískrar samstöðu sveitarfélaganna.
- Er nokkur breyting frá núverandi hlutverki SSNE.

Leið D - Sjálfstæð sameiginleg eining sveitarfélaganna

Í þessari leið yrði komið á fót sjálfstæðri sameiginlegri einingu sveitarfélaganna, til dæmis byggðasamlagi eða öðru formlegu samstarfsformi, sem hefði eigið stjórnskipulag, fjárhagslegt ut anumhald og skýrt umboð til að sinna afmörkuðum verkefnum fyrir sveitarfélögin.

Leiðin gæti tryggt skýrara sjálfstæði gagnvart einstökum sveitarfélögum, en kallar jafnframt á formlegri stofnun, skýra ábyrgð, sérgreint rekstrarform, ákvörðun um eigendavettvang og útfærða kostnaðarskiptingu.

Kostir

- Getur tryggt skýrt sameiginlegt eignarhald og jafnræði sveitarfélaga.
- Auðveldar að afmarka sérstakt umboð, fjárhag og ábyrgð einingarinnar.
- Getur verið heppileg leið ef verkefnin reynast umfangsmikil eða kalla á formlegt stjórnvaldssamstarf.

Gallar

- Krefst meiri undirbúnings og formlegri ákvörðunarferla en þjónustueining innan fyrirliggjandi vettvangs.
- Getur orðið þyngra og kostnaðarsamara rekstrarform ef umfang verkefna reynist takmarkað.
- Þarf skýra eigendastefnu, kostnaðarskiptingu og ábyrgð gagnvart sveitarfélögunum.

Leið E - Kaup á sérfræðipjónustu eftir þörfum

Sveitarfélög myndu ekki halda úti fastri sérfræðipjónustu heldur kaupa sérfræðipækkingu eftir þörfum frá ráðgjöfum, verkfræðistofum eða öðrum þjónustuaðilum.

Kostir

- Lágur fastur rekstrarkostnaður.
- Sveigjanleiki.

Gallar

- Staðbundin þekking tapast.
- Lengri viðbragðstími.
- Kostnaður getur orðið ófyrirsjáanlegur.
- Erfitt að byggja upp þekkingu og samfellu.

Leið F - Formlegt samstarf eða þjónustusamningur við ríkið

Í þessari leið myndu sveitarfélögin kanna hvort unnt væri að gera formlegt samkomulag við Umhverfis- og orkustofnun, Stofnun atvinnuveganna eða aðra ríkisaðila um tiltekna ráðgjöf, faglegan stuðning, aðgang að gögnum, leiðbeiningar eða þjónustu vegna verkefna sem áfram verða hjá sveitarfélögum.

Kostir

- Getur tryggt sveitarfélögum aðgang að sérfræðipækkingu sem ríkisstofnanir byggja upp eftir breytingarnar.
- Getur dregið úr þörf fyrir að sveitarfélög byggji sjálf upp mjög sérhæfða þekkingu á öllum sviðum.
- Gæti nýst vel í flóknum eða sjaldgæfum málum, til dæmis vegna mengunar, vatnsverndar eða túlkunar reglugerða.
- Getur stuðlað að samræmdari framkvæmd milli sveitarfélaga og ríkisstofnana.

Gallar

- Óljóst er hvort ríkið hafi vilja, lagaheimildir eða fjárhagslegt svigrúm til slíks fyrirkomulags.
- Getur skapað óskýra ábyrgð ef ekki er vel skilgreint hvað sveitarfélög bera sjálf ábyrgð á og hvað ríkið þjónustar.
- Hætta er á lengri boðleiðum og minni staðbundinni þekkingu.
- Þjónustustig, kostnaður og svartími þyrftu að liggja mjög skýrt fyrir.

Leiðir E og F kunna að henta síður sem sjálfstæðar grunnlausnir fyrir öll verkefni sveitarfélaganna, en geta gegnt mikilvægu hlutverki sem stuðningsleiðir með öðrum kostum. Þannig gæti framtíðarfyrirkomulagið byggt á föstum kjarna sérþekkingar á svæðinu, en jafnframt gert ráð fyrir kaupum á sérfræðiþjónustu eða formlegum stuðningi ríkisstofnana í afmörkuðum og sérhæfðum málum.

Í reynd kann framtíðarfyrirkomulagið að verða samsett, þar sem ákveðin verkefni verði leyst innan einstakra sveitarfélaga, önnur á sameiginlegum vettvangi sveitarfélaganna og afmörkuð sérfræðiverkefni með kaupum á þjónustu eða í samstarfi við ríkisstofnanir. Slík lausn getur veitt sveigjanleika en krefst skýrrar afmörkunar á ábyrgð, umboði, kostnaði og stjórnvaldsheimildum. Það verður hlutverk starfshópsins að leggja mat á hvort samsett lausn sé heppileg eða hvort einfaldari grunnleið þjóni betur hagsmunum sveitarfélaganna á Norðurlandi eystra.

Fyrstu niðurstöður og næstu skref

Á næstu mánuðum þarf að vinna að tveimur samhliða en aðgreindum verkþáttum. Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra og stjórnendur HNE fara með undirbúning þeirra rekstrarlegu og stjórnsýslulegu skila sem leiða af breytingunum. Sveitarfélögin þurfa á sama tíma að kortleggja þau verkefni sem verða áfram á þeirra ábyrgð og undirbúa ákvörðun um framtíðarfyrirkomulag þeirra. Mikilvægt er að tryggja samráð og upplýsingaflæði milli þessara verkþátta án þess að ábyrgð þeirra skarist.

Á vettvangi sveitarfélaganna þarf einkum að leysa eftirfarandi verkefni áður en endanleg ákvörðun er tekin um framtíðarfyrirkomulag:

- kortleggja hvaða verkefni verða áfram á ábyrgð sveitarfélaga,
- meta raunverulegt umfang verkefnanna,
- greina þörf fyrir sérfræðipækkingu og mannafla,

- leggja mat á kostnað og mögulega fjármögnun,
- bera saman möguleg samstarfsform og þjónustuleiðir,
- greina hvaða verkefni geta verið staðbundin, sameiginleg eða keypt sem sérfræðiþjónusta,
- skýra ábyrgð, umboð og stjórnvaldsheimildir í hverri leið,
- leggja fram eina tillögu að framtíðarfyrirkomulagi fyrir sveitarfélögin.

Samhliða kortlagningu verkefna þarf að tryggja virkt samráð við Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra og HNE, meðal annars vegna upplýsinga um núverandi verkefni, málafjölda, staðþekkingu, opin mál og reynslu starfsfólks. Sú vinna breytir þó ekki því að rekstrarleg og stjórnsýsluleg skil HNE eru sérstakt ferli á ábyrgð heilbrigðisnefndarinnar.

Fyrstu niðurstöður benda til þess að sveitarfélögin á Norðurlandi eystra þurfi að vinna sameiginlegt mat á þeim verkefnum sem verða áfram á þeirra ábyrgð áður en ákvörðun er tekin um framtíðarfyrirkomulag. Fyrirliggjandi lagabreytingar fela ekki í sér að sveitarfélög þurfi að endurreisa heilbrigðiseftirlit í nýrri mynd, en þær kalla engu að síður á að sveitarfélögin tryggji áfram aðgang að nauðsynlegri sérfræðiþekkingu og skýrum farvegi fyrir þau verkefni sem áfram verða á sveitarstjórnarstigi.

Þar sem ekki liggur fyrir fullnægjandi mynd af umfangi verkefnanna, mannaflapörf, kostnaði eða bestu verkaskiptingu er ekki tímabært að festa eina lausn í sessi á þessu stigi. Miðað við landfræðilega stöðu Norðurlands eystra, fjölbreytt atvinnulíf svæðisins og ólíka stærð og stjórnsýslugetu aðildarsveitarfélaganna þarf að bera saman mögulegar leiðir á grundvelli skýrra upplýsinga.

Við það mat þarf sérstaklega að horfa til jafnræðis sveitarféлага, varðveislu staðbundinnar þekkingar, skýrrar ábyrgðar, þjónustustigs og hagkvæmrar nýtingar fjármuna. Einnig þarf að meta hvort framtíðarfyrirkomulagið eigi að byggja á einni grunnleið eða samsettri lausn þar sem hlutverk einstakra sveitarféлага, sameiginlegs vettvangs, sérfræðikaupa og mögulegs samstarfs við ríkisstofnanir eru skýrt afmörkuð.

Af þeim sökum er lagt til að skipaður verði starfshópur sveitarfélaganna á Norðurlandi eystra sem hafi það hlutverk að greina umfang verkefnanna, meta mögulegar leiðir og leggja fram eina tillögu að framtíðarfyrirkomulagi þeirra á meðan það liggur ekki fyrir er lagt til að Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra starfi áfram í lágmarksmynd með a.m.k. 1 stöðugildi á grunni núverandi skiptingu framlaga sveitarféлага á Norðurlandi eystra til reksturs Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra.

Tillaga að samþykkt haustþings SSNE

Haustþing SSNE samþykkir að skipaður verði starfshópur sveitarféлага á Norðurlandi eystra til að greina umfang þeirra verkefna sem áfram verða á ábyrgð sveitarféлага eftir breytingar á fyrirkomulagi heilbrigðiseftirlits frá og með 1. janúar 2027.

Þar til niðurstaða starfshópsins liggur fyrir starfi Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra áfram í lágmarksmynd með a.m.k. 1 stöðugildi á grunni núverandi skiptingu framlaga sveitarféлага á Norðurlandi eystra til reksturs heilbrigðiseftirlitsins.

Starfshópurinn hafi það hlutverk að meta þörf fyrir sérfræðiþekkingu og mannafla, áætlaðan kostnað, möguleg samstarfsform og aðrar leiðir við framtíðarskipulag verkefnanna. Hópurinn leggi fram eina tillögu að framtíðarfyrirkomulagi verkefnanna fyrir sveitarfélögin á Norðurlandi eystra.

Við vinnuna verði sérstaklega tekið mið af stærð og fjölbreytileika sveitarfélaganna, víðfeðmu starfssvæði, jafnræði í þjónustu, varðveislu staðbundinnar þekkingar, skýrri ábyrgð og hagkvæmri nýtingu fjármuna.

Stjórn SSNE annist skipun starfshópsins í samráði við aðildarsveitarfélögin og Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra, setji honum erindisbréf í samræmi við samþykkt haustþings og ákveði skilafrest fyrir skýrar tillögur að framtíðarfyrirkomulagi verkefnanna.

Viðauki 1 – Bráðabirgðayfirlit yfir verkefni sem verða áfram á sviði sveitarfélaga

Viðaukinn dregur saman helstu verkefnaflokka sem kunna að verða áfram á ábyrgð eða starfssviði sveitarfélaga eftir breytingar á fyrirkomulagi heilbrigðiseftirlits. Yfirlitið byggir einkum á greiningu Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, samþykktum lagabreytingum og fyrirliggjandi upplýsingum um reglugerðarbreytingar.

Taflan er vinnugagn en ekki tæmandi lögfræðilegt mat. Endanleg afmörkun verkefna, ábyrgðar, gjaldtökuheimilda og stjórnvaldsúrræða er að hluta háð reglugerðarbreytingum og nánari útfærslu verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga. Markmiðið er að styðja við frekari kortlagningu á umfangi verkefnanna og þeirri sérfræðipækkingu sem sveitarfélögin þurfa að hafa aðgang að.

Verkefnaflokkur	Hlutverk sveitarfélaga	Helstu réttarheimildir	Álitamál til frekari greiningar
1. Staðbundnar samþykktir	Gerð, endurskoðun og framkvæmd staðbundinna samþykktu um verkefni sem verða áfram á forræði sveitarfélaga, svo sem fráveitur, úrgang, gæludýrahald, umgengni og önnur afmörkuð nærumhverfismál. Einnig þarf að yfirfara eldri samþykktir og breyta tilvísunum til heilbrigðisnefndar eða HNE.	Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, einkum samþykktarheimildir laganna eins og þeim er breytt, sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 og sérlög viðkomandi málaflokks.	Staðfesta þarf efni samþykktu, lagaheimildir, gjaldtöku og hvaða fyrirmælum eða úrræðum sveitarfélög mega beita. Gjöld þurfa að byggjast á skýrri heimild og málefnalegum kostnaði.
2. Umgengni og umhirða utanhúss	Afskipti af drasli, óþrifnaði, úr sér gengnum eða ónýtum munum, bílhræjum, gróðri, girðingum, yfirgefnum húsum og annarri spillandi umgengni á lóðum og í nærumhverfi. Verkefnið getur falið í sér móttöku ábendinga, vettvangsskoðun og eftirfylgni.	Lög nr. 7/1998, staðbundnar samþykktir og eftir atvikum skipulags- og byggingarlöggjöf.	Skýra þarf mörk gagnvart úrgangs- og mengunarmálum, heimildir til fyrirmæla, dagsekta, vörslutöku eða úrbóta og hvort kostnaður verði innheimtur af ábyrgðaraðila.

3. Gæludýrahald og eftir atvikum annað dýrahald	Reglur um hunda- og kattahald, skráningu, leyfi, merkingar, bann eða takmarkanir á tilteknum svæðum, ónæði, óhreinindi og skyldur eigenda. Meta þarf sérstaklega afmörkun gagnvart búfjárhaldi og öðrum sérlögum.	Lög nr. 7/1998, staðbundnar samþykktir um hunda- og kattahald og viðeigandi sérlög um dýrahald.	Staðfesta þarf mörk málaflokka, skráningar- og leyfisheimildir, gjaldtöku og hvaða úrræði meggi nota vegna brota eða ónæðis.
4. Úrgangur og sorphirða	Ábyrgð á staðbundinni úrgangspjónustu, þar á meðal flokkun, ílátum, afhendingu, söfnun, grenndar- og móttökustöðvum, þjónustufyrirkomulagi, umgengni og samþykktum sveitarfélaga. Starfsleyfis- og mengunarvarnaeftirlit með úrgangsstarfsemi færast almennt til ríkisins.	Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lög nr. 7/1998 vegna staðbundinna samþykktu og tengdar reglugerðir.	Skýra þarf mörk þjónustu og eftirlits, heimildir vegna lausamuna og ökutækja, kostnaðarskiptingu, innheimtu og hvaða mál vísa beri til ríkisins.
5. Fráveitur og skólp	Rekstur, uppbygging og viðhald fráveitna; tengingar, frárennsli, rotþrær, seyra, hreinsibúnaður, bilanir, mengunarhætta, vöktun og staðbundnar samþykktir. Afmörkun tiltekinna samþykkja eða eftirlitsverkefna kann að ráðast af reglugerðarbreytingum.	Lög og reglur um uppbyggingu og rekstur fráveitna, lög nr. 7/1998, staðbundnar fráveitusamþykktir og reglugerð um fráveitur og skólp eftir breytingar.	Staðfesta þarf mörk rekstrarábyrgðar sveitarfélaga og mengunarvarnaeftirlits ríkisins, gjaldtöku og úrræði vegna tenginga, bilana og brota á samþykktum.
6. Vatnamál og vatnsvernd	Hlutverk í skipulagi og vernd vatnsbóla og vatnsverndarsvæða, upplýsingagjöf um álag á vatn, samráð við gerð aðgerðaáætlana, áhættumat, vöktun, viðbragðsáætlanir og staðbundnar aðgerðir til að viðhalda eða endurheimta vatnsgæði.	Lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, reglugerð nr. 535/2011, reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, skipulagslög og staðbundnar	Skýra þarf hlutverk sveitarfélaga, upplýsingaskyldu, vöktun, kostnað og samráð við Umhverfis- og orkustofnun, einkum þegar skipulag, rekstur innviða og mengunarvarnir skarast.

		samþykktir þar sem við á.	
7. Loftgæði og mælingar	Mat á loftgæðum, mögulegur rekstur mælistöðva vegna álags frá umferð eða starfsemi, miðlun upplýsinga um niðurstöður, staðbundnar ráðstafanir og þátttaka í aðgerðaáætlunum og viðbrögðum þegar loftgæði versna.	Lög nr. 7/1998, reglugerð nr. 787/1999 og reglugerð nr. 920/2016 um loftgæði, með fyrirvara um breytingar á reglugerðum.	Greina þarf hver ber ábyrgð á mælingum, kostnaði, upplýsingagjöf og aðgerðum og hvar mörk liggja milli staðbundinna ráðstafana og mengunarvarnaeftirlits ríkisins.
8. Hávaði og aðgerðaáætlanir	Hávaðakortlagning, gerð og eftirfylgni aðgerðaáætlana og staðbundnar ráðstafanir, einkum þar sem hávaði tengist skipulagi, samgöngum, þéttbýli, höfnum, framkvæmdum eða eigin rekstri sveitarfélags.	Reglugerð nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir, skipulagslög og önnur sérlög eftir eðli máls.	Staðfesta þarf skyldur til kortlagningar og áætlanagerðar, kostnað og hvaða úrræði sveitarfélög hafa vegna eigin starfsemi annars vegar og starfsemi annarra hins vegar.
9. Mengaður jarðvegur	Samráð við Umhverfis- og orkustofnun um kortlagningu mengaðra svæða, skráningar- og upplýsingahlutverk og tillit til mengaðs jarðvegs við skipulags-, framkvæmda-, lóða- og byggingarmál.	Reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg, skipulagslög, lög um mannvirki og tengdar reglugerðir.	Skýra þarf ábyrgð á kortlagningu, rannsóknnum, upplýsingagjöf og kostnaði og mörk skipulags- og framkvæmdarhlutverks sveitarfélaga gagnvart mengunarvarnaúrræðum ríkisins.
10. Umsagnir, samráð og staðbundin fagleg afstaða	Fagleg rýni og umsagnir vegna aðal- og deiliskipulags, framkvæmdaleyfa, umhverfismats, starfsleyfa ríkisstofnana, urðunarstaða, úrgangsmannvirkja, vatnsverndar, fráveitu, mengaðs jarðvegs, loftgæða, hávaða og annarra staðbundinna áhrifa.	Skipulagslög, lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana, úrgangslöggjöf, vatnalöggjöf, lög nr.	Greina þarf umfang og tíðni umsagna, hæfiskröfur, aðgang að sérfræðiþekkingu, fjármögnun vinnunnar og hvenær umsögn tengist gjaldskyldri málsmeðferð.

		7/1998 og reglugerðir eftir eðli máls.	
11. Móttaka ábendinga og frumgreining erinda	Íbúar og fyrirtæki munu áfram leita til sveitarfélaga vegna kvartana og ábendinga um nærumhverfi, dýrahald, úrgang, fráveitu, hávaða, lykt, lóðir og mengun. Tryggja þarf skýra móttöku, frumgreiningu og framsendingu mála til réttis stjórnvalds þegar formlegt eftirlit er hjá ríkinu.	Stjórnsýslulög, upplýsingalög, sveitarstjórnarlög, staðbundnar samþykktir og sérlög viðkomandi málaflokks.	Móta þarf sameiginlega verkferla um móttöku, skráningu, leiðbeiningarskyldu, framsendingu og eftirfylgni svo mál falli ekki milli sveitarfélaga og ríkisstofnana.
12. Önnur staðbundin verkefni og sérfræðiráðgjöf	Ráðgjöf og stuðningur vegna skipulags, byggingarmála, lóða, fráveitna, sorphirðu, meindýravarna, dýrahalds, eigin fasteigna, lýðheilsu, almannavarna, náttúruvár og annarra nærumhverfismála sem heilbrigðiseftirlit hefur í framkvæmd aðstoðað sveitarfélög við. Meta þarf sérstaklega hvaða verkefni eru lögskyld, lögheimil eða valkvæð.	Sveitarstjórnarlög og sérlög viðkomandi verkefna, meðal annars skipulagslög, lög um mannvirki, úrgangslög, vatnalöggjöf, lög um fráveitur og staðbundnar samþykktir.	Kortleggja þarf raunveruleg verkefni HNE, málafjölda og sérfræðiþörf og greina hvaða þjónusta er lögskyld, lögheimil eða valkvæð, hvernig hún verði fjármögnuð og hvar hún eigi best heima.

Athugasemd: Yfirlitið er bráðabirgðavinnugagn. Við endanlega kortlagningu þarf að staðfesta verkefni, ábyrgð, hæfiskröfur og raunverulegt umfang þeirra á Norðurlandi eystra.